

VALGREINAR



2023-2024
8. – 10. bekkur

MUNDU AÐ VALIÐ ER BINDANDI Námsval 8. - 10. bekkjar 2023-2024

Hér eru upplýsingar um þær valgreinar sem verða í boði næsta skólaár. Allir nemendur munu stunda nám í svokölluðum kjarna en gefst kostur á að velja aðrar námsgreinar. Þetta fyrirkomulag er eftir forskrift Aðalnámskrár grunnskóla og eykur möguleika nemenda á því að ráða meiru um hvaða námsgreinar þeir leggja stund á.

Í mörgum tilvikum þarf að setja nemendur úr öllum árgöngum í sama hópinn. Þó eru sumar valgreinar aðeins fyrir 9. og 10. bekk og eru þær merktar sérstaklega.

Val nemenda hefur að sjálfsögðu áhrif á skipulag komandi skólaárs og því verða breytingar á vali erfiðar eftir að skóli hefst á komandi hausti. Því biðjum við nemendur að vanda valið.

Það skal tekið fram að stundum er ekki hægt að verða við öllum óskum nemenda varðandi valið, stundum fellur kennsla ákveðinna hópa niður ef of fáir velja, og sumar valgreinar eru kenndar samtímis. Þá verður að skoða hvaða grein getur komið í staðinn. Þess vegna eiga nemendur að merkja með tölustöfum þannig að nr.1 sé það fag sem þá langar helst til að fara í síðan nr. 2 o.s.frv.

8. bekkur verður í hringekju sem eru fjórir tímar: heimilisfræði, smíði, myndmennt og textílmennt. Þess vegna eru þær greinar ekki í boði í vali.

9. og 10. bekkur þurfa að velja í tvennu lagi, annars verður bundið val í verk- og listgreinum 3 tímar á viku og svo annað val, það er hægt að velja fleiri en þrjá í bundnu vali en ekki færri.

Valblaði skal skila til umsjónarkennara síðasta lagi **16. maí**

Nemendur sem skila of seint eiga á hættu að fá ekki þær valgreinar sem þeir óska helst eftir.

Námsgreinar nemenda í 8.-10. bekk munu skiptast í tvennt: kjarnagreinar og frjálst val. Kjarnagreinar standa saman af íslensku, stærðfræði, ensku, dönsku, samfélagsfræði, náttúrufræði, lífsleikni, sundi og íþróttum.

Frjálst val eru þær greinar sem nemandi velur af valblaðinu og þarf nemandi í 8. bekk að skila fimm stundum á viku í vali, en nemandi í 9. og 10. bekk þarf að skila átta stundum á viku í vali. Næsta vetur verða tvær þeirra áhugasviðstímar. Stundum hittist svo á að valgreinar eru fleiri öðru hvoru megin við áramót þar sem flestar valgreinar eru kenndar hálfan veturinn.

ATH: Nemendur í 10. bekk hafa lokið þeim sundtímum sem skylt er að hafa á unglíngastigi. Þeir sem ekki náðu 10 stiginu eða vilja halda áfram að þjálfa sundið geta tekið það sem valgrein í einn tíma á viku.

bekkir	ísl	stæ	ens	dan	nátt	sam	lífs	uppl	verk	íþr	sund	samt	Áhuga- sviðsv	bundið val	val	samt
8.	5	5	4	3	3	2	1	1	4	2	2	32	0	0	5	37
9.	6	6	4	4	3	2	1	0	0	2	1	29	2	2	4	37
10.	6	6	4	4	3	2	1	0	0	3	0	29	2	2	4	37

Aðstoð í Dægradvöl

Nemendur aðstoði börn í Dægradvöl í leik og starfi, leiðbeini þeim og séu góðar fyrirmyndir. Starfsmenn Dægradvalar sjá um verkefni sem geta verið misjöfn eftir dögum. Nemandi þarf að tilkynna sig við komu og kveðja þegar hann fer.

Kennslustundafjöldi: 1 stund í viku allan veturinn

Boltaval

Nemendur öðlist dýpri þekkingu og skilning á ýmsum atriðum í tengslum við stærstu boltagreinarnar sem stundaðar eru. Tímarnir eru bóklegir, í þeim er farið yfir helstu deildir heimsins frá hinum ýmsu sjónarhornum. Það verður meðal annars farið yfir ýmsa tölfræði, árangur einstaklinga og liða ásamt sögu félaga og fleira.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Dans - B

Nemendur kynnist ólíkum dansstílum. Hip hop, House, Street, Tik Tok, sköpun. Mikilvægt er að nemendur sýni frumkvæmi, áhuga og samvinnu.

Kennslustundafjöldi: 1 stund á viku allan veturinn

Félagsmál og viðburðir

Þessi valgrein er fyrir nemendur sem vilja taka þátt í starfi nemendaráðs. Í því felast tækifæri fyrir ungmenni sem hafa áhuga á að styrkja sig til virkrar þátttöku og hafa áhrif á sitt félagslíf. Þeir sem ákveða að velja félagsmálaval sitja sjálfkrafa í nemendaráði Grunnskólans á Ísafirði. Auk þess fer fram kennsla í hinum ýmsu málefnum er snúa að félagsmálum sem verður í formi fyrirlestra, umræðu og verkefnavinnu sem snýr fyrst og fremst að framkvæmd viðburða og að efla félagslíf á unglिंगastigi. Unnið verður með unglिंगalýðræði viðburðastjórnun, undirbúning og framkvæmd verkefna sem stuðla að sjálfstæðum vinnubrögðum.

Kennslustundafjöldi: 2 kennslustundir á viku allan veturinn

Fornám ökunáms

Námskeiðið er ætlað 10. bekkjum sem undirbúningur til að hefja ökunám.

Nemendur þurfa að vera meðvitaðir um umferðarmál í víðum skilningi þess hugtaks. Stefnt er á að gera þá betur í stakk búna til að hefja ökunám og að þeir verði betri ökumenn framtíðarinnar. Farið verður yfir þætti er varða umferð og umferðarmenningu, slys og afleiðingar hraðaksturs, tryggingar og búnað ökutækja. Athugaður verður kostnaður við rekstur ökutækja. Farið verður yfir umferðarmerki og umferðarlög.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Forvitnilegir staðir í heiminum

Hvað er spennandi, hvert viltu fara? Skoðum heiminn og þau undur sem hann hefur upp á að bjóða. Skoðum myndir og heyrum ferðasögur.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Heimilisfræði - B

Einungis ætlað nemendum í 9. og 10. bekk

Þessi valgrein hentar vel þeim sem hafa áhuga á matreiðslu og bakstri og langar til að byggja ofan á þekkingu sína í faginu. Notast verður við uppskriftir úr ýmsum áttum en inn á milli verður matreitt án hefðbundinna

uppskrifta. Áhersla verður á hollan og góðan mat en sætar krásir fá að fljóta með annað slagið. Þetta fag krefst góðrar samvinnu nemenda, sjálfstæði hvers og eins og er kjörinn vettvangur til sköpunar. Heimilisfræðival hentar illa þeim sem eru matvandir.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn

ATH. þetta val hentar illa þeim sem eru mjög matvandir

Hringadróttinssaga og Tolkien

Tolkien skapaði sinn eigin heim sem birtist í Hobbitanum, Hringadróttinssögu og Silmerlinum. Hann hefur verið túlkaður í kvikmyndum, myndsögum og myndlist. Skoðum heiminn saman, álfatungu, rúnir og allt sem okkur dettur í hug.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Íslenskar bókmenntir og yndislestur

Í valgreininni er áhersla lögð á lestur íslenskra bóka og umræðna um þær. Við bókaval verður stuðst við nýjustu bókatíðindin til viðbótar við klassískar gæðabækur. Námsmatið byggir á áhuga og þátttöku.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn

Íþróttahjálfun

Nemendur sem æfa íþrótt með félögum bæjarins geta fengið hjálfunina metna sem tvær kennslustundir á viku. Foreldrar taka ábyrgð á mætingu. Aðeins er hægt að fá eina íþrótt metna.

Kvikmyndir – kúrekar og geimverur

Horft á valdar kvikmyndir og fjallað um Villta vestrið annars vegar og geimverur hins vegar. Hvernig eru þær sýndar og hvernig sögur er verið að segja.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Kvikmyndir – víkingar og framtíðin

Horft á valdar kvikmyndir og fjallað um Víkinga og víkingaöldina annars vegar og sýn kvikmyndagerðarmanna á framtíðina hins vegar. Hvað er vitað og hvar er skáldað í eyðurnar.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Leiklist - B

Farið með sýningu á Þjóðleik 2024

Sett verður upp leiksýning sem verður jafnvel flutt á Þjóðleik.

Unnið verður með leikhústækni, framsögn, hreyfingu, tjáningu, þolinmæði, áræðni, þrautseigju, samvinnu, sjálfsstyrkingu, tjáningarþor, leikmyndagerð, leikmunagerð, búningahönnun og ótal margt fleira.

Kennslustundafjöldi: Vegna eðlis valgreinarinnar er ekki hægt að dreifa álaginu jafnt yfir önnina eins og í flestum öðrum greinum. Í haust verður sett upp leikrit sem stefnt er á að fara með á Þjóðleik.

Þjóðleikur er samstarfsverkefni Þjóðleikhússins og margra grunn- og framhaldsskóla, menningarráða, sveitarfélaga og áhugaleikfélaga á landsbyggðinni. Markmið Þjóðleiks er samstarf milli nýrra handritshöfunda sem skrifa leikverkin sem fara síðan til liststjórnanda í hverjum skóla fyrir sig. Nemendur sem velja að taka þátt í þjóðleik fá tækifæri til þess að spreyta sig á sviði, taka þátt í búningavali og sjá um tæknileg atriði sem koma að sýningunni. Hópurinn fer síðan saman í ferð á þann stað sem Þjóðleikur er haldinn og sýnir verkið.

Mikilvægt að nemendur skuldbindi sig verkefninu.

Telst sem tvær stundir á viku hálfan veturinn, þó tímarnir raðist ekki jafnt.

Líkamsrækt og þjálfun

Þetta val er aðeins fyrir nemendur sem ekki í neinu skipulögðu íþróttastarfi. Nemendur fá hjálp við að finna sína hreyfingu ásamt því að ræða um matarræði og heilbrigðan lífsstíl. Farið í styrktarþjálfun, hjólaferðir, leiki og æfingar sem gera hreyfingu skemmtilegri. Heimsóknir í

líkamsræktarstöðvar og fleira á svæðinu. Nauðsynlegt er að nemendur hafi fatnað við hæfi hvers tíma og aðgang að reiðhjólí.

Kennslustundafjöldi: 1 stund á viku allan veturinn

Myndmennt -B

Aðeins fyrir nemendur í 9. og 10. bekk

Nemendur kunni skil á mismunandi aðferðum við teiknun, málningu. Kynnist vestrænni nútímalist. Þjálfist í að skoða og tala um myndlist. Farið verður í Línuteikning, hlutateikning, þrívídd, fjarvídd, skygging, portrett, módel, uppstilling, málun með mismunandi litum, stuttar listasögukynningar og athugun á málverkum. Hugmyndavinna, umræður, og skissugerð.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Námsaðstoð

Aukatími fyrir þá sem þurfa meiri hjálp og tíma til að vinna í stærðfræði. Einnig er hægt að fá aðstoð við skapandi skil í öllum námsgreinum. Valið kemur inn á stundatöflu og er mætingaskylda eins og í aðrar greinar.

Kennslustundafjöldi: 1 stund á viku allan veturinn.

Næringarfræði

Nemendur auka grunnþekkingu sína í næringarfræði. Fjallað verður um orkuefnin, vítamín og steinefni, sykur og koffín, umbúðalestur, næringu í íþróttum o.fl.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku, hálfan veturinn

Pólska fyrir byrjendur

Einungis ætlað nemendum í 9. og 10. bekk

Kennd verða undirstöðuatriðin. T.d. tölur, vikudagar, litir og helstu grunnatriði í málfræði og framburðarreglur.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Prjón og hönnun -B

Nemendur læri að fylgja uppskrift og jafnvel breytt eftir eigin hugmyndum. Þekki muninn á ólíkum garntegundum og grófleika. Nemendur fá val um nokkur verkefni. Áhersla lögð á vinnubrögð, vandvirkni og ástundun.
Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Samsöngur -B

Fyrr á árum, fyrir daga útvarps, sjónvarps og internets var helsta skemmtun Íslendinga að syngja saman. Fólk kunnir ógrynni laga og texta og kom saman til að gera sér glaðan dag. Í þessari valgrein ætlum við að endurvekja þessa stemmningu, að syngja saman gömul og ný lög hver með sínu nefi. Námsmatið byggir á áhuga og þátttöku.
Kennslustundafjöldi: 1 stundir á viku allan veturinn.

Smíði og hönnun - B

Einungis ætlað nemendum í 9. og 10. bekk

Nemendur fá tækifæri til að byggja ofan á þá þekkingu sem þeir hafa fengið í yngri bekkjum. Þeir vinna skylduverkefni sem þeir hanna sjálfir, ásamt því að hanna, teikna og málsetja a.m.k. einn frjálstan hlut. Nemendur fá aðstoð kennara við að koma hugmyndum sínum í verk. Hugmyndaauðgi og sköpunargleði fá lausan tauminn. Ástundun, virkni, verkefni og umgengni mynda lokaekinn.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Skapandi stærðfræði

Í skapandi stærðfræði skoðum við ýmis stærðfræðileg fyrirbæri frá ýmsum sjónarhornum, kynnumst gömlum og nýjum kenningum í stærðfræði og fólkinu sem gerði þær uppgötvanir. Auk þess sem við glímum við að kryfja ýmsar stærðfræðiprautir. Námsmatið byggir á áhuga, þátttöku, verkefnum og virkni í tímum.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Skólahreysti

Þessi valgrein er hugsuð fyrir þá nemendur sem hafa hug á að keppa í skólahreysti næsta vetur. Mikilvægt er að nemendur setji sér markmið og undirbúi þjálfun sem miðar að því, fjallað er um upphitun, þol, kraft og hreyfingroska. Nemendur þurfa að taka ábyrgð á eigin þjálfun.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku allan veturinn **Markmið:**

Skák

Nemendur kynnast reglum skáklistarinnar og helstu byrjunum. Farið verður yfir ýmsar skákæfingar og einnig tefla nemendur við hvorn annan.

Kennslustundafjöldi: 1 stundir á viku allan veturinn.

Slökun og hugleiðsla

Nemendur fá tækifæri til að kynna sér leiðir til slökunar og hugleiðslu, t.d. öndunaræfingar, gjörhygli, jóga, chi kung, leiddar hugleiðslur og slökunartónlist. Einnig fá nemendur tækifæri til að æfa kvíðastjórnun og kynnast leiðum til að ná betri stjórn á hugsanaferli sínu, t.d. með hugrænni atferlismeðferð.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Spil

Nemendur kynnast allskonar spilum. Bæði sem eru spiluð með spilastokkum og borðspilum. Námsmatið byggir á áhuga og þátttöku.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Sterkari út í lífið

Tímarnir byggjast á umræðum, stuttum verkefnum og verklegum æfingum sem efla ímyndunaraflíð, gagnrýna hugsun, nútíttund, hugarró og sjálfsmynd. Námsmatið byggist á virkni, áhuga, frumkvæði og þátttöku.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Stuttmyndagerð -B

Farið verður með nemendum í gegnum ferlið að gera 3ja – 5 mínútna stuttmynd á spjaldtölvu. Farið verður yfir hugmyndavinnu, handrit, storyboard, upptökur, klippingu og frágang.

Kennslustundafjöldi: 2 kennslustundir á viku hálfan veturinn

Sund

Einungis ætlað nemendum í 10. bekk

Fyrir nemendur í 10 bekk sem hafa ekki náð 10 stiginu í sundi eða vilja aukna þjálfun í sundi.

Kennslustundafjöldi: 1 stund á viku allan veturinn

Tónlistarnám - B

Fullt nám við Tónlistarskólann á Ísafirði og Listaskóla Rögnvaldar getur komið í stað tveggja stunda í vali allan veturinn. Foreldrar bera ábyrgð á ástundun.

Tækniráð -B

Ekki verða teknir inn nýir nemendur úr 10. bekk

Nemendur læra helstu þætti ljósa- og hljóðvinnu. Notast er við ýmsar handbækur, ásamt þeim tækjum sem til eru í skólanum. Mikilvægt er að nemendur sýni áhuga í tímum og séu sjálfstæðir í vinnubrögðum bæði í tímum og á viðburðum skóla og félagsmiðstöðvar.

Kennslustundafjöldi: 1 stund á viku allan veturinn. Gert er ráð fyrir að nemendur sjái um tæknimál á viðburðum skólans.

Útivist

Nemendur fá þekkingu á umhverfinu og viti hvað ber að varast. Læri að njóta nærumhverfis, lesa veðurspá og sýni sjálfstæði og frumkvæði. Tímarnir eru utan dyra og því mikilvægt að nemendur komi klæddir eftir veðri.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku, hálfan veturinn.

Vélsaumur - B

Nemendur fá að velja hvort þeir fara í fatasaum, töskugerð eða endurvinnslu. Einnig geta nemendur blandað saman aðferðum og efnum. Einstaklingsvinna með aðstoð kennara. Áhersla lögð á sjálfstæð vinnubrögð og eigin útfærslu á verkefnum.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Þýska fyrir byrjendur

Einungis ætlað nemendum í 9. og 10. bekk

Kennd verða undirstöðuatriðin. T.d. tölur, vikudagar, litir og helstu grunnatriði í málfræði og framburðarreglur.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.